

BÍÓ

289. tbl. feb. 2018

MYNDIR

mánaþarins



MARVEL STUDIOS

BLACK PANTHER

FROM THE STUDIOS THAT BROUGHT YOU "THE AVENGERS"

CHICAGO TOWN™



**NÝTT
Í BÍÓ**
**FRUMSÝND
9. FEBRÚAR**

*EKKI
MISSA
AF
ENDANUM*

FIFTY SHADES
FREED

THE FINAL CHAPTER



Flottur febrúar

Í febrúar verða ellefu nýjar myndir frumsýndar í kvikmyndahúsum og eins og alltaf gætir þar fjölbreyttra grasa. Forsíðumyndir blaðsins að þessu sinni, Marvel-myndin *Black Panther* og íslenska gamanmyndin *Fullir vasar*, eru auðvitað sér á parti en þess utan fáum við að sjá tryllinn *Winchester*, grínfarsann *Game Night*, íslensku teiknimyndina *Lói: Þú flýgur aldrei einn*, lokakafla þrileiksins um erótískar ástir þeirra Anastasiu Steele og Christians Grey, hinar sannsögulegu myndir *Darkest Hour*, *Molly's Game* og *The 15:17 to Paris* og síðast en ekki síst tvær af rómuðustu myndum ársins 2017, *The Shape of Water* eftir Guillermo del Toro og hina sérstöku *Phantom Thread* eftir Paul Thomas Anderson.

Annars lítur dagskráin í febrúar svona út í heild:

2. feb. <i>Darkest Hour</i>	Bls. 16
2. feb. <i>Lói: Þú flýgur aldrei einn</i>	Bls. 17
2. feb. <i>Molly's Game</i>	Bls. 18
2. feb. <i>Winchester</i>	Bls. 20
9. feb. <i>The 15:17 to Paris</i>	Bls. 21
9. feb. <i>Fifty Shades Freed</i>	Bls. 22
16. feb. <i>Black Panther</i>	Bls. 24
16. feb. <i>The Shape of Water</i>	Bls. 26
23. feb. <i>Phantom Thread</i>	Bls. 28
23. feb. <i>Game Night</i>	Bls. 29
23. feb. <i>Fullir vasar</i>	Bls. 30

Við viljum svo auðvitað einnig vekja athygli kvikmyndaunnenda á DVD- og VOD-útgáfunni sem kynnt er hinum megin í blaðinu, auk þriggja nýrra tölvuleikja. Góða skemmtun!

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá snjókornið og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna lítið snjókorn sem gleymdist að dusta af einni síðunni bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þetta: ❄️

Ef þú finnur snjókornið og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem snjókornið er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. febrúar**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölvublaði sem kemur út í lok febrúar.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu flöskuna:

Eysteinn Örn Garðarsson, Borgarvegi 23, 260 Njarðvík
 Snorri Vignisson, Bólstaðarhlíð 44, 105 Reykjavík
 Sólveig Bogadóttir, Hrauntungu 13, 200 Kópavogi
 Margrét Snæfríður Jónsdóttir, Hverafold 19, 112 Reykjavík
 Davíð Þór Óskarsson, Höfðavegi 43, 900 Vestmannaeyjum

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

289. töl. febrúar 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is


Abyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 21.000 eintök



ALDREI GEFAST UPP!

GARY OLDMAN ER WINSTON CHURCHILL

DARKEST HOUR

FRÁ JOE WRIGHT LEIKSTJÓRA ATONEMENT

GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI	6 ÓSKARSVERÐLAUNA- TILNEFNINGAR
BESTI LEIKARI GARY OLDMAN	BESTA MYND • BESTI LEIKARI
9 BAFTA	TILNEFNINGAR
	BESTA MYND • BESTI LEIKARI

**FRUMSÝND
2. FEBRÚAR**

SAMbio.is **SAMBÍÓN**

SLÁ Í GEGN

SIRKUSSÖNGLEIKUR

FORSALA TIL 1. FEBRÚAR
AÐEINS 4550 KR.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
LEIKHUSID.IS



FRUMSÝNT 24. FEBRÚAR



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Nú er tími verðlaunahátíðanna og fyrir utan Golden Globe-verðlaunin sem voru afhent 7. janúar hafa ýmis bandarísk sérsambönd nú afhent sín verðlaun fyrir bestu myndir ársins 2017, eins og t.d. samtök gagnrýnenda, samtök framleiðenda og samtök leikara. Áberandi er að í flestum tilfellum eru það sömu myndir og sömu aðilar sem hafa verið tilnefndir og þar hæst fólkið á bak við myndir eins og *The Shape of Water*, *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri*, *Call Me by Your Name*, *Darkest Hour*, *I, Tonya*, *Dunkirk*, *Lady Bird*, *Get Out*, *Phantom Thread*, *The Florida Project* og *The Post*. Einnig hafa leikarar og aðstandendur mynda eins og *The Big Sick*, *Stronger*, *Battle of the Sexes*, *Wonder*, *Molly's Game*, *Baby Driver*, *All the Money in the World*, *Blade Runner 2049* og *Logan* komið við sögu hingað og þangað auk auðvitað James Franco og myndar hans, *The Disaster Artist*, en margir hafa einmitt undrast að hún skyldi ekki fá fleiri tilnefningar en raun hefur borið vitni. Þá sögu má örugglega segja um fleiri góðar myndir ársins 2017 eins og t.d. *Detroit*, *Wind River*, *Mudbound*, *The Lost City of Z*, *Film Stars Don't Die in Liverpool* og fleiri. En þannig er þetta bara, það verða alltaf einhverjar gæðamyndir útundan þegar kemur að verðlaunaveitingum og smekkurinn er misjafn.



Í febrúar munu svo verðlaunaveislurnar halda áfram. Þann þriðja mars munu samtök leikstjóra halda sína verðlaunahátíð og þann ellefta er komið að verðlaunaveitingu samtaka handritshöfunda. BAFTA-verðlaunin bresku verða síðan veitt 18. febrúar. Þá verða bara tvær veislur eftir (af þeim stóru), þ.e. óháðu Spirit-verðlaunin sem verða veitt 3. mars og svo sjálf Óskarsverðlaunin sem verða veitt daginn eftir, sunnudagskvöldið 4. mars.


Og talandi um Óskarsverðlaunin þá verðum við að geta þess að okkur að sjálfsgöðu til sárra vonbrigða hlaut íslenska myndin *Undir trénu* ekki náð fyrir augum bandarísku akademíunnar og var ekki tilnefnd sem besta erlenda myndin. Kemur næst.



Sundance-kvikmyndahátíðin var haldin með pompi og prakt frá 18. til 28. janúar en þar kepptu yfir áttatíu myndir um hylli bæði almennra áhorfenda og dómnefnda og um fjölmörg verðlaun í sex grunnflokkum. Þegar þetta er skrifað er enn verið að veita lokaverðlaunin á hátíðinni en þær ánægjulegu fréttir bárust þó fyrir prentun að Ísold Uggadóttir hefði hlotið fyrstu verðlaun fyrir leikstjórn sína á myndinni *Andið eðlilega* í flokki alþjóðlegra mynda. Þetta er að sjálfsgöðu mikill heiður fyrir hana, enda er *Andið eðlilega* hennar fyrsta bíómynd í fullri lengd og atti hún kappi við 11 aðra leikstjóra frá tíu löndum um verðlaunin, þar á meðal sjálfan Idris Elba sem var einnig að frumsýna sína fyrstu bíómynd sem leikstjóri á hátíðinni, glæpasöguna *Yardie* eftir bók Victors Headley. Við bendum þeim sem vilja kynna sér myndirnar á hátíðinni og þá um leið þær sem hlutu verðlaun að kíkja á netið þar sem allar upplýsingar er að finna, en oft er það svo að bestu myndir hátíðarinnar fá dreifingarsamning sem um leið getur orðið heilmikil og góð lyftistöng fyrir upprennandi en blanka kvikmyndagerðarmenn.



Við erum alltaf að minnast á Steven Spielberg hér í þessum dálkum og ekki af neinni áratúu heldur vegna þess að hann hefur verið mjög vinnusamur á undanförunum árum, sent frá sér sem leikstjóri þrjár flottar myndir á þremur árum, þ.e. *Bridge of Spies*, *The BFG* og *The Post*, og eina til núna í mars (*Ready Player One*), auk þess að standa á bak við framleiðslu fjölmargra mynda. Eins og þeir vita sem fylgjast með kappanum er hann nú að leikstýra mynd sem heitir *The Kidnapping of Edgardo Mortara* og mun þar á eftir snúa sér að gerð fimmtu *Indiana Jones*-myndarinnar sem frumsýna á 2020. Nýlega bárust síðan þær fréttir að næsta mynd hans á eftir *Indiana Jones* verði söngleikurinn *West Side Story* eftir Arthur Laurents sem þeir Jerome Robbins leikritahöfundur og Robert Wise leikstjóri færðu í



kvikmyndabúning árið 1961 með lögum og tónlist eftir Leonard Bernstein og textum eftir Stephen Sondheim. Sagan, sem sækir innblásturinn í *Rómeó og Júlíu* eftir William Shakespeare, þykir enn eiga fullt erindi við áhorfendur enda hefur endurgerð hennar staðið til í mörg ár. Bíða menn og konur nú spennt eftir að sjá hverja Steven ákveður að velja í aðalhlutverkin.



Aðdáendur *Guardians of the Galaxy*-myndanna geta glaðst yfir því að nú er búið að staðfesta að þriðja myndin um þetta skemmtilega gengi alheimsviðáttunnar verði frumsýnd 2020. Að sögn James Gunn, sem mun leikstýra myndinni eins og þeim fyrri og skrifa handritið, er undirbúningur kominn vel á veg og er áætlað að tölur hefjist í sumar. Reikna má með að allur leikhópurinn úr fyrri myndunum mæti til leiks á ný (nema þeir sem dóu auðvitað) auk nýrra persóna en enn liggur ekki fyrir hver söguþráðurinn verður.



Eins og flestir vita ökklabrotnaði Tom Cruise við tölur á nýjustu *Mission Impossible*-myndinni þegar hann var að stökkva á milli húsa með þeim afleiðingum að fresta varð tölum uns hann gæti snúið aftur á settið. Á dögunum mætti Tom í viðtal hjá breska spjallþáttastjórnandanum Graham Norton ásamt meðleikurum sínum í myndinni og hafði meðferðis upptökurnar af slysinu, en atriðið hafði verið tekið upp frá þremur mismunandi sjónarhornum og voru þau öll sýnd í þáttunum. Þar sést vel hvað gerist og ef einhver var í vafa um að Tom hafi brotnað í raun þá var einnig sýnd nærmynd af því þegar fótur hans skellur á veggnum sem hann var að stökkva á og brotnar með hveli. Það hafa auðvitað ekki allir áhuga á að sjá þetta og því viljum við eingöngu hvetja áhugafólk um ökklabrot til að kíkja á þetta á YouTube. En án gríns ... þá eru þessar upptökur af ökklabrotinu líka áhugaverðar fyrir þær sakir að þar sést vel hvað Tom er tilbúinn að gera í áhættuatriðunum sem hann leikur í. Gætir þú gert það sem hann gerir þarna? Þess má geta að myndin er nú komin með nýjan frumsýningardag, 3. ágúst.

Nýr Polo. Besta útgáfan af sjálfum sér.



Nýr Volkswagen Polo mætir gjörbreyttur til leiks.

Stærra innarrými, tæknilegri sæti og frábært upplýsinga- og afþreyingarkerfi gera allar bílferðir betri í nýjum Volkswagen Polo. Ný vélartækni skilar meira afli og sparar eldsneyti sem eykur enn á ánægjuna. Þú getur valið um fjölmörg aðstoðarkerfi og búnað svo að þinn Polo verði nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann. Komdu og reynsluaktu nýjum Volkswagen Polo. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá:
2.390.000 kr.



Kynntu þér vistvænt tilboð
á metanútfærslu Polo á
volkswagen.is/vistvaent




Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen






Leonardo DiCaprio, sem hefur ekki sést í mynd síðan hann lék í *The Revenant* fyrir þremur árum og hampaði Óskarsverðlaunum fyrir leik sinn þar, er nú kominn á fullt á ný í leiklistina og framundan eru fjórar myndir með honum í aðalhlutverki. Fyrsta skal nefna myndina *Killers of the Flower Moon* eftir Martin Scorsese en hún er byggð á samnefndri bók Davids Grann og fjallar um dularfullt morð á Osagaindíánum sem framin voru á þriðja áratug síðustu aldar og ollu titringi innan Lögrannsóknarskrifstofu Bandaríkjanna (forvera FBI) því grunur var uppi um að háttsettir aðilar væru viðriðnir málið. Við vitum ekki hvern Leonardo leikur í myndinni en okkur grunar sterklega að það verði sjálfur J. Edgar Hoover sem þá var yfirmaður skrifstofunnar. Sé það rétt er það meira en lítið áhugavert því Leonardo lék einmitt J. Edgar Hoover í mynd Clints Eastwood, *J. Edgar*, árið 2011.



Önnur mynd sem er væntanleg með Leonardo heitir *The Black Hand* og er byggð á samnefndri bók Stephans Talty sem kom út í fyrra og segir frá skipulagðri glæpastarfsemi í New York og þá sér í lagi átökum sem hófust á milli glæpagengja þar í borg árið 1903 og voru kennd við ítölsku mafíuna sem þá kallaði sig „Svörtu höndina“. Við vitum ekki heldur með hvaða hlutverk Leonardo fer í þessari sögu en giskum á að það verði hlutverk lögreglumannsins Josephs Petrosino sem sagan segir að hafi átt mestan þátt í að kveða þessi átök niður. Það hefur heldur ekki verið gefið upp hver leikstýrir þessari mynd.



Þriðja myndin er svo önnur mynd eftir Martin Scorsese, *Roosevelt*, þar sem Leonardo mun leika titilhlutverkið, þ.e. Theodore Roosevelt, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna.

Fjórdða myndin er síðan níunda mynd Quentins Tarantino, sem ekki hefur hlotið endanlegt heiti en hún snýst að sögn að stórum hluta um Charles Manson og gengi



hans og morðið á Sharon Tate í ágúst 1969. Þessa mynd á að frumsýna á næsta ári en reynslan hefur kennt kvikmyndaáhugafólki að búast við seinkun þegar mynd eftir Quentin Tarantino er annars vegar. Látum það gott heita um Leonardo DiCaprio að sinni.



Snúum okkur hins vegar örstutta stund að Nicolas Cage. Sá ágæti leikari hefur nefnilega ekki sést á hvíta tjaldinu á undanfönum árum, a.m.k. ekki á Íslandi, og gætu margir því haldið að hann hefði ákveðið að taka því rólega. Það væri hins vegar fjarri lagi því Nicolas hefur leikið í hverri myndinni á fætur annarri upp á síðkastið, t.d. fimm myndum sem frumsýndar voru ytra á síðasta ári, og á þessu ári er hann skráður í aðalhlutverki a.m.k. fjögurra mynda. Ástæðan fyrir því að við erum að tala um Nicolas er að stiklan úr einni þessara nýju mynda hefur vakið mikla athygli kvikmyndaunnenda, en hún er úr mynd sem heitir *Looking Glass* og er eftir leikstjóra að nafni Tim Hunter. Við tíundum ekki sögupráðinn í *Looking Glass* hér en viljum í staðinn hvetja alla gamla aðdáendur Nicolasar sem ekki hafa misst trú á kappanum til að kíkja á þessa þræflottu stiklu á netinu.



Og talandi um nýjar stiklur þá viljum við endilega hvetja þá sem kunna að meta vísindaskáldsögur og ofurhetjumyndir að kíkja í leiðinni á glænýja stiklu úr næstu mynd Robert Rodriguez, *Alita: Battle Angel*, sem er væntanleg í bíó í júlí. Myndin, sem James



Cameron skrifaði handritið að og framleiðir, er byggð á samnefndri manga-sögu Yukitos Kishiro og gerist eftir nokkrar aldir. Hún segir frá vélmenninu Alitu sem góðhartaður „vélmenalæknir“ finnur á brotajárnsaug og kemur í gang á ný. Alita man ekkert úr fortíðinni, veit ekki hvaðan hún kom eða hvað hún gerði áður og þarf því að læra allt upp á nýtt. Það líður hins vegar ekki á löngu uns í ljós kemur að hún er gædd ofurkröftum og hæfileikum sem eiga eftir að koma sér vel þegar hún þarf að snúast til varnar gegn óþekktum óvini sem er staðráðinn í að gera út af við hana af einhverjum ástæðum. Stiklan úr myndinni er hreint út sagt alveg mögnuð og hver veit nema *Alita: Battle Angel* verði einn af stærstu sumarsmellum ársins.



Mamma Mia! Here We Go Again er heitið á nýrri mynd sem eins og heitið bendir til er framhald hinnar geysivinsælu *Mamma Mia!* sem var frumsýnd árið 2008 og byggð að stórum hluta í kringum lög ABBA. Það sama er uppi á teningunum hér og ekki nóg með það heldur mæta aftur til leiks allir sömu aðal-leikararnir og léku í fyrri myndinni, þ.e. Meryl Streep, Amanda Seyfried, Pierce Brosnan, Colin Firth, Julie Walters, Christine Baranski og Stellan Skarsgård, auk nýrra



persóna sem m.a. eru leiknar af Dominic Cooper, Andy Garcia, Jeremy Irvine, Lily James og sjálfri Cher sem hefur ekki leikið í bíómynd í átta ár. Myndin verður frumsýnd í júlí og á nokkuð örugglega eftir að gera það gott, rétt eins og fyrri myndin.



Gott ráð við kvefi og kinnholubólgu




Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur xylómetazólínhydróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Red Sparrow

Marsmánuður mun byrja vel í bíó, a.m.k. fyrir aðdáendur njósnatrylla, þegar nýjasta mynd Francis Lawrence, *Red Sparrow*, verður frumsýnd en í henni leikur Jennifer Lawrence hina rússnesku Dominiku Egorovu sem er í raun þrautþjálfður njósnari með einstaka hæfileika til að draga fram veikleika andstæðinga sinna í baráttunni við þá.

Það eru miklar vonir bundnar við að *Red Sparrow* verði vinsæl en hún er byggð á frábærri njósnasögu eftir fyrrverandi CIA-manninn Jason Matthews sem var öllum hnútum kunnugur varðandi njósna- og gagnnjósnamál þegar hann ákvað að söðla um og gerast rithöfundur. *Red Sparrow* varð hans fyrsta bók en hún er í raun fyrsti hlutinn af þrjú og heita hinir tveir hlutarnir *Palace of Treason* og *The Kremlin's Candidate*. Það stendur auðvitað til að kvikmynda þá kafla líka en sjálfsagt veltur það á viðtökunum sem *Red Sparrow* á eftir að fá hjá kvikmyndaáhuga-fólki hvort af því verður. Ef það gerist þá verður þetta um leið annar þrjúleikurinn sem þau Jennifer og Frances gera saman, en sá fyrri var auðvitað *Hunger Games*-myndirnar þar sem Francis leikstýrði seinni tveimur hlutumum, þ.e. *Catching Fire* og *Mockingjay*-myndunum. *Red Sparrow* verður sem fyrr segir frumsýnd í byrjun mars, nánar tiltekið 2. mars, og það er vel þess virði að skoða frábærar stiklurnar.



Í byrjun fáum við að sjá hvernig Dominika Egorova öðlast hæfileika sína sem njósnari undir stjórn hins eitilharða kennara síns, Matron, sem Charlotte Rampling leikur.



Útlit Dominku breytist mikið á milli verkefna, allt eftir því hvað henni finnst við hæfi hverju sinni.



Ballettkunnátta Dominiku kemur talsvert við sögu í myndinni.



Jennifer Lawrence ásamt Francis Lawrence (nei, þau eru ekki skyld) þegar þau unnu saman við *Hunger Games*-þrjúleikinn.



ÖMÖTSTÆÐILEG SAMSETNING... SENNILEGA ÆTTUÐ FRÁ ÖÐRUM HEIMI



INNDRÁS PIPARSINS 2018



ÞAÐALHLUTVERK: PIPARFYLLTUR APPOLO LAKKRÍS



Tomb Raider


Þann 16. mars snýr Lara Croft aftur á stóra tjaldið eftir 15 ára hlé, eða síðan Angelina Jolie lék hana í tveimur myndum árin 2001 og 2003.

Lara Croft kom eins og flestir vita fyrst fram á sjónarsviðið sem aðalkarakterinn í tölvuleiknum *Tomb Raider* sem kom út árið 1996 og sló svo hressilega í gegn að síðan hafa verið gefnir út einir fimmtán leikir um ævintýri hennar, að meðtöldum hliðarleikjum. Lengi hafði staðið til að gera nýja mynd um þetta ævintýri og má segja að sá bolti hafi farið að rúlla á fullu þegar leikjaserían var endurnýjuð árið 2013 með leiknum *Tomb Raider* sem var nýtt upphaf hans og grunnsögunnar, en myndin sækir efni-viðinn og söguna einmitt í þann leik frekar en þann upprunalega.

Og núna, fimm árum síðar, er myndin tilbúin og ef eitthvað er að marka stiklurnar þá er um að ræða ævintýramynd í sérflokk, eða eins og einhver sem þekkir til orðaði það: „Þetta er 2018-útgáfan af *Raiders of the Lost Ark*.“



Leikstjóri myndarinnar er hinn norski Roar Uthaug sem sendi síðast frá sér metaðsóknarmyndina *Bolgen*, eða *The Wave* eins og hún nefndist á ensku, og með helstu hlutverk fyrir utan Aliciu Vikander fara þau Walton Goggins sem leikur vonda kallinn Mathias Vogel, Hannah John-Kamen, Kristin Scott Thomas, Daniel Wu sem leikur nánasta vin Löru, Nick Frost og Dominic West sem leikur föður hennar. Kíkið nánar á þessa mynd í næsta blaði.



Fjöl margar leikkonur voru orðaðar við hlutverk Löru Croft í þessari nýju *Tomb Raider*-mynd en að lokum varð úr að Alicia Vikander tók að sér að leika þessa hugprúðu og snjöllu konu.



Boginn og örvarnar eru helsta vopn Löru Croft þegar hætta steðjar að í leitinni að föður hennar, Richard Croft lávarði.



Alicia Vikander fór í stranga líkamsþjálfun fyrir gerð myndarinnar og leikur sjálf í áhættuatriðunum, en þau eru mörg.



Alicia brosir breitt við tölur á myndinni en þær fóru fram á Englandi annars vegar og í Suður-Afríku hins vegar.

FROM THE GUYS WHO BROUGHT YOU
HORRIBLE BOSSES

JASON BATEMAN RACHEL MCADAMS

GAME NIGHT

NEW LINE CINEMA PRESENTS A DAVIS ENTERTAINMENT / AGGREGATE FILMS PRODUCTION "GAME NIGHT" JASON BATEMAN RACHEL MCADAMS BILLY MACHINISSEN SHARON HORGAN LAMORNE MORRIS KYLIE BUNBURY JESSE FLEMING
WITH MICHAEL C. HALL AND KYLIE CHANDLER CASTING BY RICH DELIA CSA SUPERVISORS MANISH RANA AND TOM WOLET MUSIC BY GLENN MARTINEZ EDITED BY JAMIE GROSS GREGORY PROTYN DANIEL EGAN PRODUCTION DESIGNER MICHAEL CORENBLYTH DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY BARRY PETERSON
EXECUTIVE PRODUCERS TONY FEMERLECH RICHARD BRENER MICHAEL DISCO DAVE NEUSTADTER MARC S. FISHER WRITTEN BY MARIAN PEREZ PRODUCED BY JOHN DAVIS, JASON BATEMAN, JOE JOHN FOX, JAMES SARAVANTE DIRECTED BY JOHN FRANCIS DALEY & JONATHAN GOLDSSTEIN
NEW LINE CINEMA

FRUMSÝND 23. FEBRÚAR

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

SAMBIO.is

SAMBÍÓN

Ready Player One

Þann 30. mars er komið að frumsýningu myndarinnar *Ready Player One* en hún er gerð eftir verðlauna- og metsölubók Ernest Cline sem skrifaði sjálfur handritið ásamt Zak Penn. Þetta er einstaklega frumleg vísindaskáldsaga sem gerist árið 2045 og að mestu inni í hinni stórfenglegu tölvuveröld Oasis þar sem margir þekktir karakterar búa.

Óhætt er að segja að slegist hafi verið um réttinn til að kvikmynda þessa sögu og eftir að leikstjórar eins og Martin Scorsese, David Fincher og Robert Zemeckis höfðu verið orðaðir við leikstjórnina fór það svo að Steven Spielberg tók verkið að sér. Í raun leikstýrði hann svo myndinni áður en hann tók til við gerð myndarinnar *The Post* en vegna þess hversu stór hluti *Ready Player One* er tölvugerður tók eftirvinnsla atriðanna miklu lengri tíma en í *The Post* og því færðist frumsýningin aftur fyrir hana.



Ready Player One segir í stuttu máli frá Wade Watts sem hefur alist upp í fátækt eins og flestir jarðarbúar. Þegar skapari tölvuveraldarinnar Oasis tilkynnir að hann hafi komið sérstöku „páskaeggi“ fyrir einhvers staðar í Oasis og að sá sem finnur það muni bæði eignast Oasis og 500 milljarða dollara eignir hans ákveður Wade að taka þátt í leiknum eins og margir aðrir. En leitinn að þessu páskaeggi er í raun enginn leikur heldur stórhættulegt ævintýri þar sem leikmönnum er bráð hætta búin við hvert fótstípa. Kíkið endilega á frábærar stíklurnar úr þessari mynd.



Í myndinni koma fram fjölmargir karakterar úr öðrum myndum og leikjum, þ. á m. úr *Járnrisanum*, *Nightmare on Elm Street*, *TRON*, *LOTR*, *King Kong*, *Back to the Future*, *Tomb Raider* og mörgum fleiri sögum.



Ready Player One gerist að mestu í tölvugerðu veröldinni Oasis og er sögð tæknilegt stórvirki sem á eftir að heilla alla ævintýraunnendur.



Það er Ty Sheridan sem leikur Wade Watts sem heldur inn í Oasis í leit að vísbendingunum sem gætu – ef hann finnur þær – gert hann ríkan.

Fyrir utan þær þrjár myndir sem lesa má um á síðunum hér fyrir framan eru að minnsta kosti sjö aðrar áhuga-verðar myndir á dagskrá kvikmyndahúsanna í mars, ef ekki fleiri, en það kemur allt í ljós á næstu vikum og verður á hreinu í næsta tölublaði Mynda mánaðarins. Við rennum hér í stuttu máli yfir þessar sjö myndir sem við munum að sjálfsgöðu gera betri skil í marsblaðinu.

Sjáumst í bíó!




Steinaldarmaðurinn

Leirbrúðmyndin *Steinaldarmaðurinn* er væntanleg í kvikmyndahúsin 2. mars en eins og sjá má á plakatinu er hún eftir sömu aðila og gera hinar bráðskemmtilegu myndir um hrútinn Hrein og alla félagana hans. Eins og heitið bendir til gerist myndin fyrr á tímum en aðalsöguhetjan, steinaldarunglingurinn Dug, þarf hér að sameina ættbálk sinn í baráttunni við hinn illa innrætta Nooth sem er þegar lagður af stað inn í bronsöldina.



Andið eðlilega

Mynd Ísoldar Uggadóttur, *Andið eðlilega*, hefur verið að gera það gott á kvikmyndahátíðum erlendis og hlaut Ísold t.a.m. fyrstu verðlaun á Sundance-kvikmyndahátíðinni fyrir skömmu sem besti leikstjórinn í flokki alþjóðlegra kvikmynda. Gagnrýnendur hafa keppt við að lofa myndina í hástert og hafa m.a. líkt efnistöku Ísoldar við efnistöku meistara á borð við Ken Loach og Mike Leigh. *Andið eðlilega* verður frumsýnd 2. mars




Death Wish

Death Wish er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1974 þar sem Charles Bronson var í hlutverki manns, Pauls Kersey, sem eftir að glæpamenn myrða eiginkonu hans ákveður að skera upp sína eigin herör gagnvart öllum misindismönnum sem hann sér á strætum New Yorkborgar og hreinlega skjóta þá alla. Í endurgerðinni er það Bruce Willis sem leikur Paul en myndin verður frumsýnd 9. mars ef áætlun stenst.



Pacific Rim Uprising

Þann 23. mars verður sjálfstætt framhald Guillermo del Toro-myndarinnar *Pacific Rim* frumsýnt en það gerist nokkrum árum eftir atburði fyrri myndarinnar. Aðalsöguhetjan er Jake Pentecost, sonur Stackers Pentecost sem átti ekki hvað sístan þátt í að stöðva Kaiju-skrímshlin á sínum tíma en þurfti síðan að fóna lífi sínu í baráttunni. Þegar skrímslin gera aðra innrás kemur til kasta Jake að feta í fótspor föður síns og bjarga jörðinni.



Mary Magdalene

Segja má að leikstjórinn Garth Davis hafi komið, sýnt og sigrað fyrir tveimur árum með sannsögulegu myndinni *Lion* sem var m.a. tilnefnd til sex Óskarsverðlauna, fimm BAFTA-verðlauna og fernna Golden Globe-verðlauna, þ. á m. fyrir leik og handrit, og sem besta mynd ársins 2016. Þann 23. mars mætir Garth á svæðið á ný með mynd sem fjallar eins og heitið bendir til um ævi Maríu Magðalenu og tíma hennar með Jesú og postulunum.



Víti í Vestmannaeyjum

Hin vinsæla unglingabók Gunnars Helgasonar er nú orðin að bíómynd sem verður frumsýnd 23. mars. Gunnar skrifaði handritið sjálfur og Bragi Þór Hinriksson (*Algjör Sveppi*-myndirnar, *Harrý* og *Heimir*) leikstýrir en sagan er um strákana í fótboltaíðinu Fálkum sem fara á knattspyrnumót í Eyjum. Þar kynnst þeir Eyjapeyja sem þeir óttast í fyrstu en komast svo að því að hann býr við frekar erfiðar aðstæður og ákveða að aðstoða hann.



Pétur kanína

Fjölskyldumyndin *Pétur kanína* er að hálfu leikin og að hálfu tölvuteiknuð líkt og *Paddington*-myndirnar, en sögurnar um þessa úrræðagóðu kanínu sem lendir í átökum við mennskan nágretta sinn, durtinn McGregor sem vill ekki að kanínur séu í garðinum sínum, hafa lengi notið mikilla vinsælda. Myndin verður frumsýnd 28. mars ef áætlun stenst og ef marka má stíklurnar þá er hér á ferðinni bráðfyndin mynd fyrir alla.


Ekkert nema sigur!

Winston Churchill var gerður að forsætisráðherra Bretlands 10. maí 1940, átta mánuðum eftir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, og átti eftir að taka margar af afdrifaríkustu og erfiðustu ákvörðununum sem taka þurfti fyrir hönd þjóðarinnar.

Winston Churchill var og er enn umdeildur maður og það var þvert á vilja fráfarandi forsætisráðherra Breta, Nevilles Chamberlain og Georgs sjötta konungs, að hann var skipaður forsætisráðherra til að lægja öldurnar í breska þinginu og koma í veg fyrir stjórnarslit.

Þessi mynd Joes Wright (*Pride & Prejudice*, *Atonement*, *Anna Karenina*) gerist öll í maí 1940 og lýsir aðdraganda þess að Churchill var skipaður forsætisráðherra svo og fyrstu dögum hans í embætti, en óhætt er að segja að hann hafi tekið við erfiðu búi. Þjóðverjar höfðu ráðist inn í Frakkland og átta síðar í mánuðinum eftir að króa Bandamenn af í Dunkirk þar sem 400 þúsund hermenn horfðu fram á að verða stráfelldir tækist ekki að ferja þá yfir Ermarsundið í tíma.

Myndin þykir frábærlega gerð og leikin og þess má geta að Gary Oldman notaði heilt ár í að undirbúa sig undir hlutverk Winstons Churchill og tileinka sér hina mörgu og sérstöku takta hans, bæði í framburði og í framkomu. Gary hefur þegar hlotið Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn og það kemur í ljós núna í febrúar hvort hann landi einnig BAFTA- og Óskarsverðlauninum fyrir hann.



Darkest Hour

Sannsögulegt



Aðalhlutverk: Gary Oldman, Lily James, Kristin Scott Thomas, Ben Mendelsohn, Stephen Dillane, Ronald Pickup, Nicholas Jones, Samuel West og David Schofield **Leikstjórn:** Joe Wright **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

Frumnýnd 2. febrúar



Kristin Scott Thomas leikur eiginkonu Winstons, Clementine, en þau gengu í hjónaband árið 1908 og eignuðust fimm börn.

Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem Gary Oldman er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aðalhlutverki og finnst mörgum tími til kominn að þessi frábæri leikari eignist sína eigin Óskarsstytta. En fyrir hvaða mynd var hann tilnefndur í fyrra sinnið?



Tinker Tailor Soldier Spy.



Við gerð myndarinnar var lögð gríðarleg áhersla á að hanna sviðsmyndir sem væru sem nákvæmastar eftirmyndir af því umhverfi sem Churchill og samtímafólk hans lifði og hrærðist í árið 1940.

Punktar

• *Darkest Hour* er nú tilnefnd til níu BAFTA-verðlauna (verða afhent 18. febrúar) og til sex Óskarsverðlauna sem verða afhent 4. mars. Í báðum tilfellum er myndin tilnefnd sem besta mynd ársins, fyrir besta leik í aðalhlutverki karla og fyrir kvikmyndatöku, búninga, förðun og sviðsmynd. Þess má geta að Kristin Scott Thomas er einnig tilnefnd til BAFTA fyrir besta leik í aukahlutverki kvenna.



Churchill var meistari í ræðuflutningi og átta ræður hans, bæði þær sem hann flutti í þinginu og í útvarpi, stóran þátt í að telja kjark í bresku þjóðina í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar.



Lói: Þú flýgur aldrei einn

Teiknimynd

L 83 min

Leikraddir: Matthías Matthíasson, Rakel Björgvinsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Arnar Jónsson, Hilmir Snær Guðnason, Þórunn Erna Clausen, Þröstur Leó Gunnarsson, Guðjón Davíð Karlsson, Ólafur Darri Ólafsson, Guðrún Gísladóttir, Ólafur S.K. Þorvaldz, Stefán Karl Stefánsson og margir fleiri **Leiktjórn:** Árni Ólafur Ásgeirsson **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Keflavík, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Borgarbíó Akureyri, Eyjabíó og Selfossbíó

Frumskýnd 2. febrúar



Lítill fugl með stórt hjarta


Þegar hinir farfuglarnir fljúga suður á bóginn kemst Lói ekki með því hann er ekki orðinn fleygur. Það liggur því fyrir hjá honum að lifa veturinn af upp á eigin spýtur, ekki bara kuldann og harðbýlið heldur verður hann einnig að gæta þess að lenda ekki í klóm og kjafti þeirra sem vilja gæða sér á honum, þar á meðal gráðugs refs og fálkans ógurlega, Skugga.

Lói: Þú flýgur aldrei einn er íslensk teiknimynd, framleidd af þeim sömu og gerðu fyrstu íslensku teiknimyndina í fullri lengd, *Hetjur Valhallar – Þór*, sem er mest sóttá íslenska myndin utan landsteinanna. Myndin, sem hefur verið í framleiðslu í fimm ár og kostaði um milljarð króna, verður frumsýnd 2. febrúar og er kjörin fjölskylduskemmtun enda allt í senn, bæði fyndin, fjörug, fróðleg og hæfilega spennandi. Vonandi lætur enginn hana fram hjá sér fara.

Punktur

- Sagan í myndinni og handritið er eftir Friðrik Erlingsson og hönnuður útlits og aðstoðarleikstjóri var Gunnar Karlsson.
- Tónlistin í *Lói: Þú flýgur aldrei einn* er samin af Atla Örvarssyni og er umfangsmesta tónlistarverkefni sem ráðist hefur verið í fyrir kvikmynd hér á landi, en hún var tekin upp í Hofi með sextíu manna Sinfóníuhljómssveit Norðurlands og tveimur kórum.





Molly's Game

Sannsögulegt



Aðalhlutverk: Jessica Chastain, Idris Elba, Kevin Costner, Michael Cera, Jeremy Strong, Chris O'Dowd, J.C. MacKenzie, Brian d'Arcy James og Graham Greene **Leikstjórn:** Aaron Sorkin **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri og Sambíóið Keflavík

Frumstýnd 2. febrúar



Á meðal margra þekktara viðskiptavina Mollyar voru leikarar eins og Tobey Maguire, Leonardo DiCaprio, Ben Affleck og Macaulay Culkin.

Veistu svarið?

Þeir sem kunnu að meta verðlauna- og gæðamyndirnar *The Social Network*, *Moneyball* og *Steve Jobs* munu örugglega líka kunna að meta *Molly's Game*. En hverjir leikstýrðu þessum þremur fyrstnefndu myndum eftir handritum Aarons Sorkin?



David Fincher, Bennett Miller og Danny Boyle.

Ekki sýna á spilin

Sannsöguleg mynd um skíðadrottninguna fyrrverandi Molly Bloom sem eftir að hafa starfað við rekstur ólöglegs pókerklúbbs í Los Angeles ákvað að stofna sitt eigið spilavíti þar sem gríðarlegar upphæðir voru í húfi og spennan var mikil.

Molly's Game er fyrsta myndin sem Óskarsverðlaunahafinn Aaron Sorkin leikstýrir sjálfur en hann á að baki nokkur af bestu handritum kvikmyndasögunnar, svo sem *A Few Good Men*, *The Social Network*, *Moneyball* og *Steve Jobs*. Aaron skrifar handritið að *Molly's Game* að sjálfsgöðu sjálfur en það er byggt á samnefndri bók Mollyar Bloom sem kom út árið 2014 og olli talsverðum taugatitringi á meðal hinna ríku og frægu sem sótt höfðu spilavíti hennar ...



Sagan í myndinni spannar ein ellefu ár, frá 2003 til 2014, eða allt frá því að Molly neyddist til að leggja skíðin á hilluna vegna meiðsla og þar til hún var dæmd fyrir hinn ólöglega rekstur spilavíta sinna.

Punktur

★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Entert. Weekly*
 ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *ReelViews*
 ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★ - *The Hollywood Reporter*
 ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *CineVue*

• Jessica Chastain hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir frábæran leik sinn í titilhlutverki myndarinnar og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir hann, svo og handrit Aarons Sorkin. Handritið er nú einnig tilnefnt til bæði bresku BAFTA-verðlaunanna og til Óskarsverðlaunanna sem besta handrit ársins.

• Allir aukaleikarar í atriðunum þar sem póker er spilaður eru í raun atvinnumenn í póker. Þannig vildi leikstjórnin Aaron Sorkin gera þau atriði sem trúverðugust því atvinnupókerspilarar höndla spilin á allt annan hátt en venjulegir leikmenn myndu gera.



Idris Elba leikur lögfræðinginn Charlie Jaffey sem tók að sér málsvörn Mollyar en myndin gerist að hluta til í réttarsölum í New York þar sem ýmislegt mjög óvænt varðandi rekstur Mollyar kom upp úr dúrnum.

VÁ!

NÆRANDI KREM.
KLÍSTRAST EKKI.
FYRIR ANDLIT & LÍKAMA.



Trúir þú á drauga?

Fyrsti tryllir ársins 2018 kemur í bió á sama tíma um allan heim, 2. febrúar, og er nýjasta mynd Spierig-bræðranna Michaels og Peters sem gerðu m.a. *Daybreakers*, *Predestination* og *Jigsaw*.

Winchester er sögð alveg mögnuð draugasaga sem fær hárin til að rísa en hún sækir efnivið sinn í þær sögur að óðalið Winchester, sem Sarah Winchester lét byggja á ofanverðri 19. öld, væri reimt og íverustaður framliðinna anda þeirra sem fallið hefðu fyrir kúlum úr Winchester-rifflunum, en framleiðsla þeirra hafði gert Söruh að einni ríkustu konu Bandaríkjanna. Sarah hóf því að byggja við húsið alls konar herbergi, að sögn ekki til að hýsa draugana heldur til að loka þá inni. Til verksins réð hún fjölmarga smiði og húsagerðarmenn sem unnu eftir ruglingslegum fyrirmælum Söruh og voru þeir margir sem sögðu hana ekki heila á geði. En var hún geðveik?

Úr þessum veruleika spunnu Spierig-bræðurnir handritið að myndinni og segir orðrómurinn að hún eigi eftir að slá í gegn, a.m.k. á meðal þeirra sem kunna að meta spúkí draugasögur. Stíklurnar úr myndinni eru líka frábærar og gefa góða von um magnaða mynd.



Winchester

Tryllir



Aðalhlutverk: Helen Mirren, Jason Clarke, Sarah Snook, Angus Sampson, Laura Brent, Tyler Coppin, Thor Carlsson, Xavier Gouault og Emm Wiseman **Leikstjórn:** Joe Wright **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Ísafjarðarbió, Selfossbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 2. febrúar



Húsið stórmerkilega sem sagan gerist í er til í raunveruleikanum og er í San Jose, ekki langt frá San Francisco. Það er nú safn fyrir áhugasama.

Veistu svarið?

Helen Mirren fagnaði á síðasta ári 50 ára leikafmæli sínu en líklegt má telja að fyrsta myndin sem sýnd var í bió hér á landi og hún lék í hafi verið mynd *Lindsays Anderson*, *OLucky Man!*, sem var gerð árið 1973. Hvaða leikari fór með aðalhlutverkið í henni?



Malcolm McDowell



Helen Mirren leikur Söruh Winchester sem eftir að hafa misst eiginmann sinn, William Winchester, einkaerfingja Olivers Winchester sem átti Winchester byssuverksmiðjurnar, varð ein auðugasta kona Bandaríkjanna.

Punktur

- Winchester-húsið var upphaflega byggt árið 1884 en Sarah Winchester lét síðan í mörg ár byggja við það alls konar vistarverur þvers og kruss sem byggðu ekki á neinum teikningum eða skipulagi og þjónuðu að því er virtist engum tilgangi öðrum en duttlungum Söruh. Húsið inniheldur 500 herbergi, stór og smá, alls konar ranghala, stiga sem liggja ekki að neinu, tilgangslausar hurðir og þar fram eftir götunum. Húsið þykir stórmerkilegt frá sjónarhóli arkitekta því það skortir allan arkitektúr og er í dag vinsælt safn.



Jason Clarke leikur lækinn Eric Price sem kemur til Winchester, ekki síst til að rannsaka hinn meinta draugagang í húsinu.

Sönn saga um sannar hetjur

Pann 15. ágúst 2015 unnu fimm menn mikla hetjudáð þegar þeim tókst að stöðva hryðjuverkamann um borð í hraðlestinni á milli Amsterdam og Parísar áður en honum tókst að láta til skarar skríða. Þessi mynd er um þann æsispennandi atburð.


Hraðlestin frá Amsterdam til Parísar var nýkomin yfir landamærin þegar hinn marokkóski Ayoub El Khazzani hugðist láta til skarar skríða, vopnaður sjálfvirkum AKM-árásarrifflum, níu skothylkjum með samtals 270 skotum, 9 millimetra Luger-skammtbyssu, bensínsprengju og dúkahníf. Sá fyrsti til að átta sig á hvað væri yfirvofandi var 28 ára Frakki, en nafn hans hefur aldrei verið gefið upp. Hann féll í gólfíð í átökunum við Khazzani og var úr leik. Þá stökk á hann annar Frakki af bandarískum ættum, Mark Moogalian, og reyndi að ná af honum riffilinum en Khazzani náði að skjóta hann í hálsinn með skammtbyssunni. Og rétt í þann mund sem Khazzani ætlaði að byrja að beita riffilinum hentu vinirnir Alek Skarlatos, Spencer Stone og Anthony Sadler sér á hann og náðu að hafa hann undir, þó ekki fyrr en eftir að hann hafði stórslasað Spencer með dúkahnífnum. Þessi snöru viðbrögð þessara fimm manna sem skynjuðu hættuna hafa sennilega bjargað lífi fjölda farþega í lestinni en alls voru um borð í henni 554 manns.

Þeir Alek, Spencer og Anthony skrásettu sögu sína þegar heim til Bandaríkjanna var komið og það er eftir henni sem Dorothy Blyskal skrifaði handritið. Clint Eastwood tók síðan að sér að leikstýra myndinni og ákvað að fá þá Alek, Spencer og Anthony til að leika sjálfa sig í henni – sem þeir og gera.

Þegar þetta er skrifað hefur myndin hvergi verið sýnd og það verður áhugavert að sjá útkomuna, en þess má geta að hún fjallar einnig um bakgrunn og vinskáp þeirra félaga allt frá því að þeir kynntust í æsku, og herþjálfun þeirra sem þarna kom sér vel.



Þeir Alek Skarlatos, Spencer Stone og Anthony Sadler leika sjálfa sig í myndinni sem er einnig byggð á frásögn þeirra af atburðinum.



The 15:17 to Paris

Sannsögulegt

12



94 min

Aðalhlutverk: Anthony Sadler, Alek Skarlatos, Spencer Stone, Jenna Fischer og Judy Greer **Leikstjórn:** Clint Eastwood **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frummynd 9. febrúar



Leonardo DiCaprio er umhverfis- og náttúruverndarsinni og leigir sér því hjól þegar hann þarf að skreppa eitthvað stutt, eins og t.d. yfir til besta vinar síns, Tobey Maguire.



Ben Affleck fer sinna ferða hins vegar á kádíljaknum sínum og lendir í því eins og aðrir sem eiga bíl að þeir þurfa að renna inn á bensínstöðvarnar með reglulegu millibili.



Jennifer Lawrence nýtir sér hins vegar leigubíla enda getur hún þá notað símann. Þess má geta að voffinn hennar heitir hvorki meira né minna en Pippi Lawrence Stocking.



Fifty Shades Freed

Rómantík



Aðalhlutverk: Dakota Johnson, Jamie Dornan, Arielle Kebbel, Kim Basinger, Tyler Hoechlin, Marcia Gay Harden, Luke Grimes, Callum Keith Rennie og Rita Ora **Leikstjórn:** James Foley **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Kringlunni og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 9. febrúar



Anastasia getur alveg sætt sig við það lúxuslíf sem auðævi eiginmanns hennar geta keypt. En að sjálfsgöðu eru peningar ekki allt.

Veistu svarið?

Leikstjóri myndarinnar, James Foley, á nokkrar aðrar þekktar myndir að baki eins og t.d. *At Close Range*, *Who's That Girl*, *Two Bits* og eina af bestu myndum ársins 1992, *Glengarry Glen Ross*, en hún var byggð á leikverki og handriti þekktis rithöfundar. Hvers?



David's Mameet

Ekki fagna of snemma

Eftir að hafa beðið Anastasiu í síðustu mynd ganga þau Christian nú í hjónaband og halda í brúðkaupsferð til Suður-Evrópu þar sem þau njóta alls þess besta sem peningar geta keypt. En þegar þau snúa aftur heim til Seattle bankar fortíðin upp á og þau standa bæði frammi fyrir alvarlegum vanda sem verður að leysa ef ekki á illa að fara fyrir þeim og hjónabandi þeirra.

Þriðji og jafnframt síðasti kafli hinnar eldheitu ástarsögu Christians Grey og Anastasiu Steele kemur í bíó 9. febrúar, en í honum tekur sagan enn á ný óvænta stefnu eins og þeir vita sem lesið hafa bækurnar. Við förum ekki nánar út í það hér hvaða óvæntu atburðir þetta eru en hvetjum þá sem gaman höfðu af fyrri myndunum til að láta þennan hápunkt og lokahluta sögunnar ekki fram hjá sér fara ...



Þau Anastasia Steele og Christian Grey ganga nú í hjónaband eftir vægast sagt viðburðaríkt og eldheitt tilhugalíf. En í fortíð þeirra beggja eru draugar sem þau þurfa að kveða niður í eitt skipti fyrir öll.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar er James Foley en hann leikstýrði einnig öðrum kaflanum, *Fifty Shades Darker*, sem var frumsýndur í fyrra. Þessar tvær myndir voru teknar upp samhliða sem passaði vel enda er *Fifty Shades Freed* beint framhald af *Fifty Shades Darker*, sem var aftur þráðbeint framhald fyrstu myndarinnar, *Fifty Shades of Grey*.

- Fyrri tvær myndirnar nutu mikilla vinsælda í bíó og höluðu inn samtals yfir milljarð dollara í kvikmyndahúsum heimsins. Þessi þriðji og síðasti kafli sögunnar á nokkuð örugglega eftir að gera það gott líka enda bíða margir spenntir eftir að sjá hvernig fer fyrir þeim Anastasiu og Christian og hjónabandi þeirra eftir allt það sem á undan hefur gengið og áskoruninni sem er framundan.



Sem fyrr eru það þau Dakota Johnson og Jamie Dornan sem leika þau Anastasiu og Christian í þessum þriðja og síðasta kafla ástarsögunnar.



OROBLÙ

#MADEINITALY

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*



Black Panther

Evintýri / Ofurhetjur

Aldurstakmark og tími ekki fyrirleggjandi fyrir prentun

Aðalhlutverk: Chadwick Boseman, Michael B. Jordan, Lupita Nyong'o, Danai Gurira, Martin Freeman, Andy Serkis, Daniel Kaluuya, Angela Bassett, Letitia Wright og Forest Whitaker **Leikstjórn:** Ryan Coogler **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 16. febrúar



Veistu svarið?

Með eitt af stóru hlutverkunum í *Black Panther* fer Daniel Kaluuya sem sló í gegn í *Get Out*, hlaut tilnefningu til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn þar og er nú tilnefndur til bæði BAFTA- og Óskarverðlauna fyrir hann. Hver leikstýrði *Get Out*?



Jordan Peele.

Framtíð hans er framtíð okkar allra

Þann 16. febrúar er komið að frumsýningu fyrstu ofurhetjumyndar ársins, *Black Panther*, sem jafnframt er 18. myndin úr hinum sameinaða ofurhetjuheimi Marvel-fyrirtækisins. Um leið er þetta fyrsta bíómyndin um konung Wakanda, T'Challa, öðru nafni Svarta pardusinn, en honum og föður hans fengum við að kynnast lauslega í *Captain America*-myndinni *Civil War*.

Það bíða sjálfsgagt margir eftir að sjá þessa mynd sem leikstýrt er af Ryan Coogler, en hann á m.a. að baki hinar afar góðu myndir *Fruitvale Station* og *Creed: The Rocky Legacy*, og skrifaði jafnframt handritið ásamt Joe Robert Cole. Það verður gaman að sjá hvað Ryan býður okkur upp á en hann fékk nokkuð frjálsar hendur við gerð myndarinnar og ákvað m.a. að fá í lið með sér helsta samstarfsfólk sitt úr *Fruitvale Station*, allt saman fólk sem hefur ekki áður komið að gerð ofurhetjumynda. Sagði Ryan að tilgangurinn væri að koma með nýja strauma í ofurhetjuþemað og gæða söguna öðruvísi lífi en flestir ofurhetjumyndaáðdáendur ættu von á. Vonandi hefur þetta heppnast vel, en stíklurnar úr myndinni hafa verið frábærar og kynda sannarlega undir þeim orðrómi að *Black Panther* sé hörkugóð.



T'Challa, öðru nafni Black Panther, snýr til heimalandsins Wakanda sem konungur eftir dauða föður síns, T'Chaka, og þarf að takast á við það erfiða verkefni að sameina hina mörgu ættbálka landsins í baráttunni gegn mönnum sem ógna ekki bara Wakanda heldur öllum heiminum.

Punktur

- Við eigum eftir að hitta Svarta pardusinn oftast í Marvel-myndunum á næstu árum en sagan hermir að Chadwick Boseman hafi skrifað samning um að leika hann í a.m.k. fimm myndum. Þær fyrstu eru næstu tvær *Avengers*-myndir, *Infinity War* sem verður frumsýnd í apríl og ónefnd mynd sem frumsýna á í apríl 2019. Hverjar hinar þrjár myndirnar eru kemur væntanlega í ljós fljótlega.



Michael B. Jordan leikur einn af höfuðandstæðingum Svarta pardusins, Erik Killmonger, sem vill sjálfur öðlast völdin í Wakanda.

SMÁRABÍÓ

MAX

FULLKOMNASTA TÆKNIN

LÚXUS

MESTU ÞÆGINDIN

LASER

Í ÖLLUM SÖLUM

EINA BÍÓ LANDSINS MEÐ LASER Í ÖLLUM SÖLUM

Í Smárabíói getur þú valið úr gæðum og þægindum. Hvort sem þú sérð myndina í Smárabíó MAX, Lúxus eða öðrum sölum getur þú verið viss um að sýningartæknin sé alltaf laserskörp og fyrsta flokks.

Upplifðu Laser í Smárabíói með popp og Coca-Cola við höndina.

WWW.SMARABIO.IS



BARCO


FLAGSHIP
LASER

4K



DOLBY ATMOS

Smárabíó – eins og bíó á að vera!



The Shape of Water

Drama / Ævintýri



Aðalhlutverk: Sally Hawkins, Octavia Spencer, Michael Shannon, Richard Jenkins, Michael Stuhlbarg, Doug Jones, David Hewlett og Nick Searcy **Leikstjórn:** Guillermo del Toro **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Eyjabíó og Selfossbíó

Frumskýnd 16. febrúar



Doug Jones leikur vatnaveruna sem býr yfir einstæðum hæfileikum.

Veistu svarið?

Í ár eru liðin nákvæmlega 25 ár síðan Guillermo del Toro sendi frá sér sína fyrstu mynd í fullri lengd en hún var hans útgáfa af vampírmynd og er í huga margra ein besta og vanmetnasta mynd tíunda áratugar síðustu aldar. Hvað heitir þessi mynd?



©SONOJ

Hver er skrímslið?

Nýjasta mynd leikstjórans Guillemos del Toro er hugmynda-rikt ævintýri sem allt eins mætti flokka sem rómantíska ástar-sögu, spennamynd og fantasíu. Það er a.m.k. alveg ljóst að *The Shape of Water* er ein af albestu bíouplifunum ársins.

Myndin gerist í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar og segir frá hinni mállausu verkakonu Elisu sem sinnir þrífum í leynilegri rann-sóknarstöð í Bandaríkjunum þar sem dularfull vatnavera í manns-mynd hefur verið hýst og rannsökuð. Elisa heillast af þessari sér-stöku veru og vingast við hana á afar sérstakan hátt. Þegar hún uppgötvar að líf vatnaverunnar kunni að vera í hættu ákveður hún að nema hana á brott úr rannsóknarstöðinni og koma henni til sjávar svo hún geti synt til síns heima. Brottnámið heppnast með aðstoð samstarfskonu Elisu, Zeldu, en eins og búast mátti við er yfirmaður þeirra, Richard Strickland, síður en svo ánægður með framtakið og í gang fer bæði spennandi og heillandi atburðarás ...




Þær Octavia Spencer og Sally Hawkins leika vinkonurnar og samstarfs-konurnar Zeldu og Elisu en þær eru báðar tilnefndar til Óskarsverð-launa fyrir leik sinn, svo og Richard Jenkins sem leikur nágranna Elisu.

Punktur

- ★★★★★ - *L. A. Times* ★★★★★ - *Entertainment Weekly*
- ★★★★★ - *The New York Times* ★★★★★ - *The Telegraph*
- ★★★★★ - *Indiewire* ★★★★★ - *Screen International*
- ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Telegraph*
- ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Wall Street Journal*

• *The Shape of Water* hefur hlotið frábæra dóma gagnrýnenda og fyrir utan þrettán tilnefningar til Óskarsverðlauna og ellefu tilnefningar til BAFTA-verðlaunanna hefur hún verið hlaðin verðlaunum og viðurkenningum, hlaut t.d. Gullljónið í Feneyjum og Golden Globe-verðlaunin fyrir leikstjórn Guillemos del Toro og tónlist Alexandres Desplat. Þetta er með öðrum orðum ein af þeim myndum sem kvikmyndaáhugafólk má alls ekki láta fram hjá sér fara.



Michael Shannon leikur Richard Strickland, yfirmann hinnar leynilegu rannsóknarstöðvar þar sem vatnaveran dularfulla er vistuð.


Fyrir líkama og sál

fyrir alla
fjölskylduna

í þínu
hverfi

Frá
morgni
til kvölds





Phantom Thread

Drama / Rómantík



Aðalhlutverk: Daniel Day-Lewis, Vicky Krieps, Lesley Manville, Richard Graham, Camilla Rutherford, Harriet Sansom Harris, Brian Gleeson og Julia Davis **Leikstjórn:** Paul Thomas Anderson **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumnýnd 23. febrúar



Lesley Manville leikur systur Reynolds klæðskera og er eins og Daniel Day-Lewis tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína.

Veistu svarið?

Eins og kvikmyndaáhugafólk veit gaf Daniel Day-Lewis út þá yfirlýsingu á síðasta ári að *Phantom Thread* yrði síðasta myndin sem hann léki í. Við vonum að svo fari ekki, en ef hann stendur við þetta ... hver er þá næst síðasta myndin sem hann lék í?



Lincoln

Suma hluti sér augað aldrei

Phantom Thread er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Paul Thomas Anderson og þykir meistaraverk út í gegn, óaðfinnanlega sviðsett og leikin og með sögu sem áhorfendur gleyma seint eða aldrei. Þetta er tvímælalaust ein þeirra mynda sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af í bíó.

Phantom Thread gerist í London í kringum 1960 þar sem við kynnumst klæðskeranum Reynolds Woodcock sem hefur sérhæft sig í viðskiptum við hástéttina í borginni og gengið vel. Reynolds er einstaklega agaður maður og formfastur sem fylgir sömu daglegu rútinunni út í æsar og hefur engan áhuga á að breyta henni hið minnsta. Dag einn, eftir vel heppnuð viðskipti, ákveður hann þó að fara á matsölustað utan borgarinnar og þar vekur athygli hans ung þjónustustúlka og ekki líður á löngu uns þau eru orðin par. Um leið má segja að rútinu Reynolds sé ógnað í fyrsta sinn og spurningin er: Verður það til góðs fyrir hann eða verður það honum til tjóns?



Daniel Day-Lewis leikur klæðskerann Reynolds Woodcock sem komið hefur ár sinni vel fyrir borð á meðal hástéttarinnar í Bretlandi, enda agaður og nákvæmur, en á líka við ákveðna fortíðardrauga að etja.

Punktar

- ★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *New York Times*
- ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *RogerEbert.com*
- ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Screen International*
- ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Telegraph*
- ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Indiewire*

• *Phantom Thread* hefur hlotið einróma lof allra sem séð hafa og er með 9,0 í meðaleinkunn á Metacritic frá 48 gagnrýnendum. Hún er með 8,5 í meðaleinkunn á IMDb frá 5.696 almennum notendum.

• Myndin var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna og er nú tilnefnd til fernra BAFTA-verðlauna og sex Óskarsverðlauna, fyrir besta leik í aðalhlutverki karla, besta leik í aukahlutverki kvenna, fyrir leikstjórn, tónlist og búninga og sem besta mynd ársins.



Þegar hinn formfasti Reynolds hittir unga þjónustustúlku, Ölmú, og verður ástfanginn af henni, breytist líf hans til frambúðar.



Game Night

Gamanmynd

Aldurstakmark og tími ekki fyrirgjandi fyrir prentun

Aðalhlutverk: Jason Bateman, Rachel McAdams, Jesse Plemons, Billy Magnussen, Kyle Chandler, Sharon Horgan, Kylie Bunbury, Joshua Mikel og Lamorne Morris **Leikstjórn:** John Francis Daley og Jonathan Goldstein **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Ísafjarðarbíó, Selfosbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 23. febrúar



Það líður ekki á löngu uns það byrjar að renna tvær grímur á þáttakendurnar í leiknum enda reynist hann erfiðari en þau ætluðu.

Veistu svarið?

Jason Bateman á langan feril að baki sem leikari en hann var aðeins ellefu ára þegar hann hóf að leika í frægum sjónvarpsþáttum sem m.a. nutu mikilla vinsælda hér á landi á níunda áratug síðustu aldar. Hvaða þekktu sjónvarpsþættir voru það?



Húsið á síttum! (Little House on the Prairie).

Lífshættulegur leikur

Þrenn hjón sem hafa komið sér upp þeirri venju að hittast vikulega og spila leiki fá um nóg að hugsa þegar nýr og spennandi morðleikur er kynntur fyrir þeim og gengur út á að safna vísbendingum sem geta leitt til þess að sökudólgurinn finnist. Það kemur auðvitað brátt í ljós að í raun er þetta enginn leikur!

Game Night er lafluft gamanmynd og dálítið svört kómedía í anda mynda eins og *Horrible Bosses*- og *Hangover*-myndanna. Þau Jason Bateman og Rachel McAdams leika hjónin Max og Annie sem vita fátt skemmtilegra en hin svokölluðu leikjakvöld sem þau halda vikulega ásamt tvennum vinahjónum sínum og ganga út á að spila eitthvert spil eða fara í einhvern leik saman. Eitt kvöldið fá þau tilboð um að taka þátt í nýjum leik og þar með hefist fyndin og fjörug atburðarás ... en einnig lífshættuleg fyrir þau öll.



Hjónin Annie og Max eru eins og félagar þeirra mjög spennt í fyrstu að fá að taka þátt í þessum skemmtilega leik og byrja strax að safna vísbendingum sem gætu leitt til lausnar á gátunni.

Punktur

- Jason Bateman er sjálfur aðalframleiðandi myndarinnar og sá sem á mesta heiðurinn af því að í gerð hennar var ráðist.
- Þetta er í annað sinn sem þau Jason Bateman og Rachel McAdams leika saman í mynd en það gerðu þau einnig árið 2009 í spennu-myndinni *State of Play*. Hins vegar er þetta í þriðja sinn sem Jason vinnur með leikstjórnunum John Francis Daley og Jonathan Goldstein því hann lék eins og flestir ættu að muna í *Horrible Bosses*-myndunum sem þeir John og Jonathan skrifuðu handritin að.



Þetta eru félagarnir og leikstjórar myndarinnar, John Francis Daley og Jonathan Goldstein, en þeir eiga m.a. að baki handrit myndanna *Horrible Bosses 1 og 2*, *Cloudy with a Chance of Meatballs 2*, *Vacation* og *Spider-Man Homecoming*. *Game Night* er önnur myndin sem þeir leikstýra sjálfir en sú fyrri var *Vacation* sem var frumsýnd 2015.




Fullir vasar

Gamanmynd



Aðalhlutverk: Hjálmar Örn Jóhannsson, Nökkvi Fjalar Orrason, Egill Ploder, Aron Már Ólafsson, Salka Sól, Júlíana Sara Gunnarsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Þórhallur (Laddi) Sigurðsson **Leikstjórn:** Anton Sigurðsson **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Keflavík, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Borgarbíó Akureyri, Eyjabíó og Selfossbíó

Frumsynd 23. febrúar



Fyrir utan skuldina við Gulla glímir Arnar Þór við ýmsan annan vanda, þar á meðal varðandi dóttur sína og fyrrverandi eiginkonu sem er leikin af Júlíönu Söru Gunnarsdóttur. Þau eru hér á foreldrafundi.

Veistu svarið?

Fullir vasar er þriðja bíómyndin sem Anton Sigurðsson skrifar og leikstýrir en hann sendi síðast frá sér spennumyndina *Grimmd* og þar á undan draugasögu sem skaut mörgum kvikmyndahúsgestum skel í bringu. Hvað heitir sú mynd?



Graftr & þein.

Hvað getur farið úrskeiðis?

Fullir vasar er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Antons Sigurðssonar og fjallar um fjóra menn sem ræna banka til að eiga fyrir tugmilljóna skuldum eins þeirra við hættulegasta mann Íslands. Í kjölfar þess fer í gang ævintýrlega myndin atburðarás sem enginn hefði getað séð fyrir.

Hér er á ferðinni gamanmynd með spennuúvafi og söguþræði sem kemur skemmtilega á óvart. Hjálmar Örn Jóhannesson leikur hinn frekar misheppnaða Arnar Þór sem hefur komið sér í tugmilljóna króna skuld við hættulegasta mann Íslands, sjálfan Gulla bílasala sem Þórhallur Sigurðsson (Laddi) leikur. Til að hjálpa Arnari út úr klípunni ákveða þrír vinir hans að aðstoða hann við að ræna banka, grímuklæddir og vopnaðir. Hvað gæti mögulega farið úrskeiðis?

Með hlutverk vina Arnars fara þeir Aron Már Ólafsson (Aron Mola) og Áttu-mennirnir Egill Ploder Ottósson og Nökkvi Fjalar Orrason. Þeir félagar hafa lítið leikið áður en eiga það sameiginlegt að hafa gert það gott á Snapchat þar sem þeir hafa notið mikilla vinsælda. Fullir vasar verður frumsýnd 23. febrúar og við hvetjum að sjálfsögðu alla húmorista landsins til að skella sér á hana í bíó.



Þetta eru þeir Hjálmar Örn Jóhannesson í hlutverki Arnars Þórs og Hilmir Snær Guðnason sem leikur son Gulla bílasala, Grjóna.

Punktar

- Upprunalega hugmyndin að sögu myndarinnar varð til hjá framleiðslufyrirtækinu Aktive Productions og þeim Agli Ploder Ottóssyni og Nökkva Fjalari Orrasyni sem leika jafnframt í henni.
- Kvikmyndastjóri myndarinnar var Gunnar Auðunn Jóhannsson og um klippinguna sá Stefánía Thors. Tónlistin er eftir Kristján Sturlu Bjarnason, leikmynd eftir Hauk Valdimar Pálsson og um búningahönnun sá Arndís Ey Eiríksdóttir.



Bankastjórinn, Arnar Þór, Gulli bílasali og lífvörður hans fagna hér saman opnun trampólíngarðs Arnars en það er einmitt út af fjármögnun hans sem Arnar skuldar nú Gulla allar milljónirnar.

Skál fyrir næstu bíóferð

